

30. gr.

57

Sala eða önnur dreifing prentaðs rits er bönnuð, þegar birting um ákvörðun samkvæmt 29. gr. hefur farið fram eða þegar aðilja er fyrir kunnugt um upptöku, hald eða lögban.

Brot gegn ákvæðum 1. málsg. varðar sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

31. gr.

Mál út af öðrum brotum á lögum þessum en því, er getur í 20. gr., sæta meðferð opinberra mála.

Mál út af broti á 19. gr., 21. gr. og 22. gr. skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Aðiljar þeir, er reka starfsstöð samkvæmt 4. gr., þegar lög þessi öðlast gildi, skulu senda lögreglustjóra tilkynningu þá, er í greininni getur, innan eins mánaðar frá gildistöku laganna.

33. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 1., 3. og 4. málsg. 3. gr., 4. gr., 11. gr. og 13.—16. gr. tilskipunar 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi, ákvæði laga nr. 105 17. desember 1954, um breytingu á tilskipun þessari, svo og önnur fyrirmæli í lögum, er fara í bága við lög þessi.

Gjört að Bessastöðum, 10. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

FORSETA BRÉF

58

27. marz

um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 24. júní 1956.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Forsætisráðherra hefur í dag borið upp fyrir mér tillögu um að Alþingi verði rofið og að almennar kosningar til Alþingis verði látnar fara fram sunnudaginn 24. júní 1956.

Ég hef fallizt á tillöguna og mæli svo fyrir, að Alþingi skuli rofið frá og með 24. júní 1956. Jafnframt ákveð ég, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram þann dag, sunnudaginn 24. júní 1956.

Gjört í Reykjavík, 27. marz 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.